

## AUGLÝSING um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 148. löggjafarþings, frá 12. júní 2018 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 17. júlí 2018.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 2018.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Katrín Jakobsdóttir.*“

Alþingi samþykkti hinn 13. júní 2018 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 148. löggjafarþings, frestað hinn 13. júní 2018.

*Forsætisráðuneytinu, 13. júní 2018.*

F. h. r.

**Ragnhildur Arnljótsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Anna Elísabeth Gísladóttir.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 15. júní 2018